

Dreifibréf til lífeyrissjóða Fjármálaeftirlitsins og Landssambands lífeyrissjóða. 9. júní 1999

Ítrekun á skyldu lífeyrissjóða til að sækja um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 129/1997 - slsl.

Að gefnu tilefni vill fjármálaráðuneytið vekja athygli forsvarsmanna lífeyrissjóða á því að skv. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 129/1997 ber lífeyrissjóðum sem hyggjast veita iðgjöldum viðtöku að senda ráðuneytinu umsókn um starfsleyfi fyrir 1. júlí 1999. Þeim sjóðum sem hyggjast nýta sér heimild 54. gr. laganna til að hafa óbreyttan réttindagrundvöll, ber einnig að tilkynna þá ákvörðun bréflega með starfsleyfisumsókn fyrir sama tíma. Umsókn skulu fylgja samþykktir sjóðsins, tryggingarfræðileg úttekt auk upplýsinga um val á endurskoðanda og tryggingarfræðingi. Sama gildir um sjóði sem einvörðungu ætla að veita lífeyri vegna áunninna réttinda skv. 53. gr.

Samkvæmt X. kafla laga nr. 129/1997 ber Fjármálaeftirlitinu að taka þá lífeyrissjóði sem senda ekki inn umsókn um starfsleyfi fyrir 1. júlí 1999, til sérstakrar skoðunar. Í framhaldi af því má vænta þess að þeim verði skipaður umsjónaraðili mun taka yfir störf stjórnar og framkvæmdastjóra viðkomandi sjóðs. Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins skulu þá víkja frá störfum þann tíma sem umsjónaraðili starfar.

Með bréfi þessu vill ráðuneytið hvetja þá lífeyrissjóði sem ekki hafa sent umsókn um starfsleyfi að gera það hið fyrsta. Jafnframt er vakin athygli á leiðbeiningum ráðuneytisins um efni samþykktu lífeyrissjóða sem er að finna á heimasíðu ráðuneytisins.

F.h.r.

Marianna Jónasdóttir

Hermann Jónasson

Reykjavík 9. júní 1999